



Alþingi  
Erindi nr. P 131/887  
komudagur 28. 2. 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

UNIFEM á Íslandi

Miðstöð Sameinuðu þjóðanna

Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík

Iceland

Reykjavík, 25. febrúar 2005

131. löggjafarþing 2004-2005  
Þskj. 47. – 47. mál  
Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir o.fl.

Sími: +354 552 6200

Fax: +354 552 6010

netfang: [unifem@unifem.is](mailto:unifem@unifem.is)

vefur: [www.unifem.is](http://www.unifem.is)

**Umsögn UNIFEM á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.**

UNIFEM á Íslandi hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 2. mgr. 11. gr. sem hefur þann tilgang að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar, fyrst og fremst konur, hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara.

Í d) mgr. 124. gr. Þeking áætlunar Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna segir m.a.: „Stjórnvöld skulu beita sér fyrir setningu laga sem kveði á um útrýmingu ofbeldis gegn konum, framfylgja lögnum og endurskoða þau reglulega auk þess að gera á þeim úttekt til þess að tryggja að þau hafi tilætluð áhrif. [...] Ennfremur skal grípa til aðgerða til að tryggja vernd þeirra kvenna sem sæta ofbeldi, tryggja þeim aðgang að sanngjörnum og skilvirkum úrræðum, meðal annars rétt til skaðabóta auk aðhlyningar [...]”

Að mati UNIFEM á Íslandi yrðu ofangreindar breytingar á 2. mgr. 11. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga til þess að tryggja vernd þeirra erlendu kvenna sem verða fyrir ofbeldi af hálfu maka síns og tryggja þeim sanngjörn og skilvirk úrræði.

Þróun í þágu kvenna  
allra hagur



---

Um árabíl hefur UNIFEM, þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, unnið að afnámi ofbeldis gegn konum og að eflingu efnahagslegra og félagslegra réttinda kvenna. UNIFEM á Íslandi gerir því ekki athugasemd við frumvarpið heldur fagnar því og hvetur Alþingi til að samþykkja það.

Umsögn samþykkt af stjórn UNIFEM á Íslandi í febrúar 2005.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Birna', written over a horizontal line.

Birna Þórarinsdóttir  
Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi

UNIFEM á Íslandi  
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna  
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík  
Íceland

Sími: +354 552 6200  
Fax: +354 552 6010  
netfang: [unifem@unifem.is](mailto:unifem@unifem.is)  
vefur: [www.unifem.is](http://www.unifem.is)

---

Þróun í þágu kvenna  
allra hagar